

2017

Plastpokalaust Suðurland

Rit nr. I – Samantekt um burðarpoka úr plasti



BJÖRNEY
UMHVERFISRÁÐGJÖF

Unnið af:

BJÖRNEY
UMHVERFISRÁÐGJÖF

September 2017

Fyrir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, SASS

–

www.bjorney.is
elisabet@bjorney.is

–

Umbrot og ljósmyndir:
Óðinn Þór Kjartansson

Útdráttur

Plast er einnota afurð sem lifir lengi og er orðin órjúfanlegur þáttur í daglegu lífi okkar. Mannkynið hefur farið offörum í notkun á þessari einnota, mjög slitsterku vöru með þeim afleiðingum að hún hefur safnast saman í náttúru okkar og valdið neikvæðum áhrifum á umhverfið.

Plastpokar eru gerðir úr olíu, meðallíftími þeirra er um 25 mínútur og það tekur þá um 100 – 500 ár brotna niður í örsmáar plastagnir sem menga vatn og vistkerfi og berast að auki inn í fæðukeðju mannsins. Hér er því um tilgangslausa sóun á dýrmætum auðlindum að ræða.

Uptaka hráefna og framleiðsla felur í sér mestu neikvæðu umhverfis-áhrif í lífi plastpokans, mun meira en flutningurinn, pakkningin og hvað verður um pokann við enda líftíma hans. Því skiptir öllu máli að nota sama pokann eins oft og hægt er og að búa ekki til nýtt efni við framleiðslu á nýjum pokum.

Áætlað er að hver Íslendingur noti að meðaltali um 200 einnota plastpoka á ári.

Stefna ríkisins í úrgangsmálum kemur fram í almennri stefnumörkun frá umhverfis- og auðlindaráðherra sem gildir til 12 ára í senn. Gildandi stefna heitir Saman gegn sóun.

Hringrásarhagkerfi snýr að því að horfið verði frá hefðbundinni leið vörunotkunar sem er línuleg, þ.e. hráefnisupptaka, vöruframleiðsla, sala og dreifing, notkun og urðun, yfir í vörunotkun þar sem mikil áhersla er lögð á að fjarlægja hættuleg efni úr vörunni og það hráefni sem er í vörunni sé endurnýtanlegt og notað sem nýtt hráefni í nýja vöru.

ESB hefur gefið út tilskipun sem skuldbindur aðildarríki til að draga úr einnota plastpokum með hertum skilyrðum fyrir 2020 og aftur 2026. Eftir árið 2018 verður lagt bann á að gefa þunna einnota plastpoka innan ESB.

Efnisyfirlit

1.	PLASTPOKALAUST SUÐURLAND	7
2.	HVAÐ ER PLAST?	8
2.1.	Ferðalag plasts	10
2.2.	Umhverfisáhrif	11
2.3.	Vistferilsgreining	11
3.	POKAR Á SUÐURLANDI	14
4.	ÁHERSLUR RÍKIS	16
4.1.	Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024	16
4.2.	Saman gegn sóun	16
4.3.	Burðapokar úr plasti	19
5.	ÁHERSLUR SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA	19
5.1.	Staðardagskrá 21	19
5.2.	Starfshópur Umhverfisstofnunar	19
6.	AÐILAR Á MARKAÐINUM	20
6.1.	Framleiðsla og sala á plastpokum	20
6.2.	Íslenskar verslunarkeðjur	21
6.2.	Pokasjóður	21
7.	SVEITARFÉLÖG SEM Hafa SÝNT FRUMKVÆÐI	22
7.1.	Stykkishólmur	22
7.2.	Sveitarfélög í Eyjafirði	22
8.	POKASTÖÐIN	24
9.	SAMANTEKT	25
10.	HEIMILDASKRÁ	26

1. Plastpokalaust Suðurland

Verkefnið Plastpokalaust Suðurland er hluti af verkefni um sjálfbærni samfélaga. Verkefnið snýr m.a. að uppbyggingu Pokastöðva. Þær fela í sér sjálfsafgreiðslustöðvar fyrir margnota poka, greiningarvinnu, fræðslu og undirbúning málþings. Málþingið um Plastpokalaust Suðurland verður haldið í haust fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög.

Plastpokalaust Suðurland er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands hjá Samtökum Sunnlenskra Sveitarfélaga (SASS) árið 2016. Verkefnið hlaut fjármögnun að 3,4 m.kr. og dreifist kostnaðurinn annars vegar í vinnu á þessari skýrslu og hins vegar við að móta verkefnið og hefja innleiðslu á Pokastöðvum á Suðurlandi.

Hér á eftir fer fram umfjöllun um plast á Íslandi. Skoðað verður hvernig kerfið er uppbyggt og hver umgjörð þess er. Í því tilliti verður meðal annars skoðað hver sér um innflutning á einnota plastpokum, hver sér um söluna á þeim, hverjar áherslur ríkis og sveitarfélaga eru og hvaða lög eiga við. Tilgangurinn með þessari skoðun er að glöggva til framtíðar, varpa ljósi á þá möguleika sem eru í boði og ennfremur tilgreina hvaða aðilar gegna lykilhlutverki í kerfinu.

Bæjarfélagið Stykkishólmur verður skoðað sérstaklega í skýrslunni þar sem vel hefur tekist til með að banna einnota burðapoka úr plasti í því samfélagi. Síðast verður kynnt til sögunnar Pokastöðina á Höfn sem liður í innleiðingu á verkefninu Plastpokalaust Suðurlands.

2. Hvað er plast?

Plast er unnið úr olíu og vatni en til að framleiða 1 kíló af plasti þarf 2 lítra af olíu. Plast er auðvelt í framleiðslu en hins vegar torvelt í niðurbroti þar sem það er mjög slitsterkt. Það lifir í hundruð ára eftir að því er hent og brotnar síðan niður í örplast sem á auðvelt aðgengi í jarðveg eða vatn og sjó. Þessar agnir geta verið skaðlegar þar sem þær geta borist inn í fæðukeðjuna og þannig aftur til okkar. Meðal notkunartími plasts er áætlaður um 25 mínútur, frá því að það er keypt og því síðan hent. Þetta er því einnota afurð sem lifir lengi og er orðin stór þáttur í daglegu lífi okkar. En þrátt fyrir þessa miklu notkun okkar á plasti í öllum okkar daglegum athöfnun þá er þetta efni sem var fyrst uppgötvað fyrir 100 árum síðan og fór ekki í almenna útbreiðslu fyrr en í kringum árið 1960. Mannkynið hefur farið offörum í notkun á þessari einnota, mjög slitsterku vöru með þeim afleiðingum að hún hefur safnast saman í náttúru okkar og er farin að hafa mikil neikvæð áhrif á umhverfið (Burðapokar úr plasti, 2016). Plastpoka má finna víða í íslensku samfélagi; í stórvöruverslunum, minni verslunum, fataverslunum, í verslunarmiðstöðvum, í leikskólum og grunnskólum, inni á heimilunum o.s.frv. Plasti er skipt niður í mismunandi flokka eftir því hversu auðvelt er að endurvinna það.

Hjá Umhverfisstofnun má sjá yfirlit yfir flokka plastics og er það birt hér að neðan (Umhverfisstofnun, 2017) (Náttúran, 2017):

Tafla 1

PLASTMERKINGAR


Númer	Skammstöfun	Heiti	Dæmi um vöru	Athugasemd
1	PET	Polyethylen terephthalat	Gosflöskur og flíspeysur	Hentar mjög vel til endurvinnslu
2	HDPE	Polyethylen – High Density (HDPE)	Umbúðir fyrir snyrtivörur og flöskur	Eitt algengasta og mest notaða plastefnið m.a. í umbúðir fyrir snyrtivörur o.þ.h. Hentar vel til endurvinnslu
3	PVC	Polyvinylchlorid	Plastfilma, leikföng og regnföt	Vínill. Framleitt úr lífrænum klórsamböndum og er mengandi bæði við framleiðslu og förgun
4	LDPE	Polyethylen – Low Density (LDPE)	Innkaupapokar, ruslapokar og förtiumbúðir	Eitt algengasta plastefnið. Hentar vel til endurvinnslu.
5	PP	Polypropylen	Þnar og gólfteppi, í atvælaumbúðum svo sem jógúrt- og skyrdósir, nestisbox o.s.frv.	Hentar vel til endurvinnslu
6	PS	Polystyren	Frauðplast svo sem plastbakkar og áhöld	Á að skila til endurvinnslu en er ekki eins auðveldlega endurunin og PET, HDPE og PP
7	Aðrar	Allt annað plast t.d. ABS, EVA, Nylon, akrýl	LEGO kubbar, flöskur og öryggisgler	Í þessum flokki eru 13 mismunandi plasttegundir og því hentar þessi flokkur illa til endurvinnslu

2.1. Ferðalag plasts

Áætlað hefur verið að notaður plastpoki eigi möguleika á að falla í fjóra flokka. Sá fyrsti er endurvinnsla (14%), annar er urðun (40%), þriðji er brennsla (14%) og sá fjórði er að hann sleppi fram hjá þessum þremur leiðum og endi í vatni eða sjó (32%), sjá mynd 1 (MacArthur, 2014).

Mynd 1

FERÐALAG PLASTS Í HEIMINUM 2013



2.2. Umhverfisáhrif

Árið 2015 tók Evrópuþingið bindandi ákvörðun um að draga úr notkunplastpoka innan Evrópusambandsins. Plastpokar eru ódýrir í framleiðslu en hafa kostnaðarsöm og varanleg umhverfisáhrif. Eins og talað hefur verið um er notkunartími plastpoka að öllu jöfnu 25 mínútur frá því hann er keyptur eða fenginn út í búð og þangað til honum er hent í ruslið. Þetta er stuttur tími miðað við að það getur tekið pokann í kringum 100 – 500 ár í náttúrunni að brotna niður. Í náttúrunni brotnar plastpokinn niður í örsmáar agnir sem hafa neikvæð áhrif á lífríki og menga vatn og það vistkerfi sem agnirnar snerta. Plast er framleitt úr olíu og því eykur plastpokanotkun eftirspurn eftir olíu. Hér er því um að ræða allt að því tilgangslausa sóun á dýrmætum auðlindum.

Plastpokar á floti losa hægt og rólega plastagnir sem eru mun stærri vandamál en sjálfir pokarnir á floti. Talið er að í Norðursjó megi finna plast í 94% allra fugla (UNRIC, 2015). Áætlað er að fyrir 2050 verði meira plast í sjónum en dýralíf (MacArthur, 2014).

2.3. Vistferilsgreining





Vistferilsgreining er mat á hversu mikil heildar umhverfisáhrif vara hefur frá vöggum til grafar. Þá eru skoðuð umhverfisáhrif allra efna sem fara í vöruna, framleiðsla á vörunni, flutningur á vörunni til áfangastaðar, notkun á henni og svo endalok hennar, hvort sem hún fer í endurvinnslu, urðun, orkuheimt eða út í náttúruna. Árið 2011 gerði Joseph Green hjá California State University og Chico Research Foundation vistferilsgreiningu á einnota plastpokum (Polyethylene) í Kaliforníu og bar umhverfisáhrif þeirra saman við umhverfisáhrif annarra fjölnota poka. Pokarnir sem voru notaðir til viðmiðunar voru einnota pappírspokar, PP (Polypropylene plast) fjölnota pokar og LDPE (Low density Polyethylene plast) fjölnota pokar að hluta til úr endurunnu efni. Niðurstöðurnar sýna fram á að því oftast er endurnotaður þeim mun minni umhverfisáhrif hefur hann. Ennfremur dregur endurvinnsla enn meira úr umhverfisáhrifum heldur en þegar framleitt er nýtt plast við gerð plastpokanna (Tullo, 2014).

Umhverfisstofnun Bretlands lét gera sambærilega könnun fyrir sig árið 2006 og sýndu niðurstöðurnar fram á að umhverfisáhrif allra tegunda af pokum, hvort sem um er að ræða plast eða bómull, megi rekja að mestu leyti til auðlindarnotkunar og framleiðslustigs. Flutningur, pakkning og hvað verður um pokann við enda líftíma hans hafa minnstu áhrif á heildar umhverfisáhrif hans. Óháð tegund poka þá er lykillinn að því að bæta umhverfisáhrif þeirra að nota þá eins oft og mögulegt er. Niðurstöðurnar má sjá í töflu 2 (EAUK, 2006).



Tafla 2

VISTFERILSGREINING Á BURÐARPOKUM

Auðlindanotkun og önnur umhverfisáhrif við framleiðslu	Einnota plastpokar (Polyethylene)	Einnota pappírspokar
	1 notkun	1 notkun
Óendurnýtanleg orka, GJ	763	2620
Losun gróðurhúsalofttegunda, ● = 0,010 tonn af CO ₂	 0,040	 0,080
Notkun ferskvatns ◆ = 10 gallon	 58	 1000



Fjölnota
plastpokar
(Óvafið Polyethylene)

1 notkun

8 notkunir

3736

467



0,262

0,033



Fjölnota plastpokar
(Polyethylene) úr
40% endurunnu efni

1 notkun

8 notkunir


2945

368



0,182

0,023



426

85



250

40

3. Pokar á Suðurlandi

Talið er að hver Evrópubúi noti um 500 einnota plastpoka á ári. Til að setja þetta í nánara samhengi voru framleiddir 3,4 milljónir tonna af plastpokum í aðildarríkjum ESB árið 2008, þar af lendar bróðurparturinn í hafinu (Burðapokar úr plasti, 2016). Notkun plastpoka er misjöfn eftir löndum, t.d. nota Danir að meðaltali einungis 4 léttu plastpoka á ári, en íbúar í Póllandi, Portúgal og Slóvakíu um 460 stykki á ári. Hver íbúi innan ESB notaði að meðaltali 198 plastpoka árið 2010 og það ár fóru 8 milljarðir plastpoka í ruslið innan Evrópusambandsins (UNRIC, 2015).

Hér á landi finnast ekki magntölur fyrir einnota plast en í Landsáætlun 2013-2024 eru notaðar grunntölur frá Grön Hverdag (Noregur) til að meta magnið af plastpokum á Íslandi. Þessum tölum er síðan varpað beint yfir á Ísland og út frá þeim er áætlað að heildarmagn plastpoka á Íslandi á ári sé um 70 milljónir. Það þýðir að hver Íslendingur noti um 200 poka á mann á ári. Starfshópur á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins telja hana vera nær 100 pokum á mann og bendir á að þörf sé á rétttri magntölu fyrir Ísland þar sem sú tala liggja ekki fyrir hendi (Burðapokar úr plasti, 2016). Samkvæmt Hagstofunni telja íbúar á Suðurlandi 27.580 (Hagstofan, 2017). Ef tekið er mið af báðum áætlununum um magn á plastpokum á Íslandi má ganga út frá því að í versta falli eru um 5,5 milljónir plastpokar notaðir á Suðurlandi ár hvert. Þess ber að geta að áætlunin nær einungis til íbúa svæðisins en ekki til fyrirtækja, ferðamanna og annarra sem eiga erindi inn á svæðið.

Tafla 3

ÍBÚAR Á SUÐURLANDI 2017

Sveitarfélag	2017
Sveitarfélagið Árborg	8.471
Vestmannaeyjar	4.292
Hveragerði	2.483
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.187
Sveitarfélagið Ölfus	2.005
Rangárþing eystra	1.752
Rangárþing ytra	1.537
Bláskógabyggð	1.026
Hrunamannahreppur	773
Flóahreppur	648
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	594
Mýrdalshreppur	562
Skaftárhreppur	475
Grímsnes- og Grafningshreppur	467
Ásahreppur	256
Samtals	27.528

Tafla 4

ÁÆTLAÐ MAGN AF PLASTPOKUM FRÁ SUÐURLANDI ÁR HVERT

Íbúar á Suðurlandi	27.528
M.v. hærra gildi (200 stk./mann/ár)	5.505.600
M.v. lægra gildi (100 stk./mann/ár)	2.752.800

Ef síðan er skoðað hvert plastpokar á Suðurlandi ferðast og þessar tölur eru settar í samhengi við upplýsingar á Mynd 1 þá má áætla að rúmlega 2 milljónir poka frá Suðurlandi lenda í urðun, einungis 770.000 poka fari í endurvinnslu og um 1,7 milljónir poka lenda í vatni eða sjó árlega.

Tafla 5

ÁÆTLAÐ ÁRLEGT MAGN AF PLASTPOKUM FYRIR SUÐURLAND OG HVAR ÞEIR ENDA

	Áætlað hlutfall	Hærra gildi	Lægra gildi
Urðun	40%	2.202.240	1.101.120
Vatn/sjór	32%	1.761.792	880.896
Endurvinnsla	14%	770.784	385.392
Brennsla	14%	770.784	385.392

4. Áherslur ríkis

Lög um meðhöndlun úrgangs (nr.55/2003) eru ríkjandi lög á Íslandi þegar kemur að úrgangi. Þau taka mið af Úrgangslöggjöf ESB sem er innleidd í löggjöf hér á landi í samræmi við EES- samninginn (Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs, 2013).

4.1. Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024

Umhverfisstofnun í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs hafði það hlutverk að gefa út almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs til minnst 12 ára í senn. Með áætluninni var sett það markmið að draga markvisst úr úrgangsmyndun, auka endurnotkun- og nýtingu og draga úr hlutfalli þess úrgangs sem fer í förgun. Þessi áætlun kallast Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og átti að vera leiðbeinandi fyrir sveitarfélög í tengslum við svæðisbundnar áætlanir þeirra í sama málaflokki. Fyrsta landsáætlunin kom út árið 2004 og gildi til ársins 2016. Í kjölfarið komu flestar sveitarstjórnir landsins sér upp svæðisáætlun sem grundvallaðist á áætlun Umhverfisstofnunar. Landsáætlunin var endurskoðuð árið 2010 og birt á ný árið 2013. Sú áætlun gildir til ársins 2024 og í henni má finna gott yfirlit yfir þáverandi stöðu landsins í úrgangsmálum sem og tímasett markmið sem vinna að bættri nýtingu auðlinda. Einnig má þar finna upplýsingar um þann samdrátt sem átt hefur sér stað á neikvæðum umhverfisáhrifum sem málaflokkurinn hefur á umhverfi og heilsu manna (Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs, 2013).

4.2. Saman gegn sóun

Samkvæmt breytingum á lögum nr.55/2003 kemur fram að í stað Landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs muni héðan í frá koma almenn stefnumörkun frá umhverfis- og auðlindaráðherra sem gildir til 12 ára í senn (Alþingi, 2013). Árið 2016 var því stefna ráðuneytisins Saman gegn sóun gefin út sem almenn stefna um úrgangsförvarnir á árunum 2016-2027. Í stefnunni er lögð áhersla á nægjusemi, að nýta betur og minnka sóun. Stefnan leggur áherslu á níu flokka og þar af verður plast áhersluflokkur fyrir árin 2018-2019 þar sem gerð verður tilraun til að draga úr myndun plastúrgangs (Saman gegn sóun, 2016).

Stefna stjórnvalda hefur úrgangsförvarnir að leiðarljósi. Úrgangsförvarnir miða að því að nýta allt til hins ítrasta til að koma í veg fyrir að úrgangur myndist sem fer í urðun. Bætt nýting miðast við breytt hegðunarmynstur notenda og framleiðanda gagnvart vörum, það er að hlutir séu ekki hannaðir til að verða hent, heldur að þeir nýtist

lengur og hugsanlega sé hægt að nýta þá sem nýtt hráefni í aðra vöru við lok líftíma þeirra. Í þessu samhengi er oft talað um sjálfbæra neyslu, eða hringrásarhagkerfi sem snýr að því að horfið verði frá hefðbundinni leið vörunotkunar sem er línuleg, þ.e. hráefnisupptaka, vöruframleiðsla, sala og dreifing, notkun og urðun, yfir í vörunotkun þar sem áhersla er lögð á að fjarlægja hættuleg efni úr vörunni. Þannig yrði það hráefni sem er eftir í vörunni endurnýtanlegt og notað sem nýtt hráefni í nýja vöru. Með þessu móti er komið í veg fyrir að hættuleg efni berist í vistkerfi jarðar.


Á Íslandi hefur losun gróðurhúsalofttegunda dregist saman síðustu sjö ár en aftur á móti hefur neysla aukist og þar af leiðandi myndun úrgangs. Snýr því stefna ríkisvalds í úrgangsmálum að aukinni sjálfbærri neyslu íbúa landsins ásamt því að stuðla að betri aðferðum sem auka nýtni (Saman gegn sóun, 2016).

Í stefnunni eru skilgreindir 9 flokkar sem hver um sig hefur ákveðna umhverfisvísa sem Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að annast utanumhald. Á tveggja ára fresti tilkynnir því Umhverfisstofnun Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu stöðu hvers flokks fyrir sig. Sex flokkar verða í forgangi í tvö ár í senn og eru þeir eftirfarandi:

1. Matvæli – matur er manns megin – matarsóun og matarúrgangur	2016-2017
2. Plast – minna plast	2018-2019
3. Textíll – Vistvænn textíll	2020-2021
4. Raftæki	2022-2023
5. Grænar byggingar – sjálfbær byggingastarfsemi	2024-2025
6. Pappír – minni pappír	2026-2027


Hægt verður að sækja sérstaklega um styrk til ráðuneytisins í þann flokk sem er í forgangi hverju sinni.

Þrjú flokkar eru síðan hafðir til lengri tíma en tveggja ára í senn. Þessir flokkar eru aukaafurðir kjöts og fisks, stóriðja og drykkjarumbúðir. Þungi ákvörðunartöku liggur hjá stjórnvöldum í þessum málaflokkum og þeir einkennast af breytingum á lögum og reglugerðum.

Í stefnunni eru taldar upp tillögur til að stuðla að minnkun plastpöknotkunar. Þannig er helst  orft til að fara í samstarf við framleiðendur og kaupmenn með það að markmiði að draga eins mikið og hægt er úr notkun á plastumbúðum, burðapokum úr plasti og einnota matarílátum (Saman gegn sóun, 2016).

Í kjölfarið af stefnumörkun ríkisstjórnar var skipaður starfshópur af umhverfis- og auðlindaráðherra í janúar 2016 þar sem sátu fulltrúar Umhverfisstofnunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka iðnaðarins og Samtaka verslunar og þjónustu. Vinnuhópurinn vann skjalið Burðapokar úr plasti – Tillögur að aðgerðum um hvernig megi draga úr notkun plastpoka þar sem kemur fram ítarleg verkáætlun fyrir næstu tvö ár (2016).

4.3. Burðapokar úr plasti

Til að takast á við neikvæð umhverfisáhrif plasts gaf Evrópusambandið út tilskipun árið 2015 (2015/720/ESB) sem skuldbindur aðildarríki til að draga úr notkun á einnota plastpokum sem eru þynnri en 0,05 mm. Hér er því um að ræða bæði þunnu plastpokana sem almennt eru gefins við afgreiðslukassa og í grænmetis/ávaxtadeild sem og plastpokana sem má kaupa við kassann. Í tilskipuninni koma einnig fram kvaðir aðildarríkja um að viðurkenna og merkja lífbrjótanlega poka, eins og maíspokana.  samt því að stuðla að virkri þekkingarmiðlun til almennings um málefnið eftir 27. nóvember 2016 í a.m.k. eitt ár. Markið er sett á að fyrir árið 2020 noti hver einstaklingur ekki fleiri en 90 plastpoka á ári og fyrir árslok 2025 verði sú tala komin niður í 40 poka á ári (Saman gegn soun, 2016).

Aðildarríki koma sjálf með aðferðir til að uppfylla þessi skilyrði en fyrir lok árs 2018 verður bann lagt á að þessir pokar verði gefnir innan sambandsins. Ísland fylgir þessu eftir sem aðili að EES-samningi (UNRIC, 2015).

Starfshópurinn sem var skipaður af umhverfis- og auðlindaráðherra hafði það að markmiði að móta tillögur um hvernig draga megi úr plastpokum á Íslandi með árangursríkum hætti. Hópurinn telja sérfræðinga frá Umhverfisstofnun, Sambandi iðnaðarins, Sambandi íslenskra sveitafélaga ásamt Samtökum verslunar og þjónustu.

Starfshópurinn bendir á að Reykjavíkurborg og Sorpa hafi gert viðhorfskönnun um notkun á margnota pokum í verslunum og kom í ljós að 53% Reykjavíkurbúa noti nú þegar margnota poka og 29% sem ekki gerðu það gætu mjög vel hugsað sér það. Þetta bendir til mikils meðbyrs margnota poka í samfélaginu. Í skýrslu starfshópsins er einnig rætt um mikilvægi þess að flokka úrgang með það að markmiði að draga úr plastpokanotkun, þar sem aukin flokkun býður upp á möguleika á að minnka plastpokanotkun inni á heimilum. Til dæmis eru þeir nú mikið notaðir í almenna ruslið sem inniheldur í flestu tilfellum lífrænan úrgang (Burðapokar úr plasti, 2016).

5. Áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga (SÍS) tengist málaflokknum að einhverju leyti, helst þá í gegnum Staðardagskrá 21 og í gegnum vinnuhóp Umhverfisráðuneytisins þar sem starfsmaður SÍS á sæti.

5.1. Staðardagskrá 21

Staðardagskrá 21 er staðfestur alþjóðlegur sáttmáli sem unnin var út frá ályktun Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio de Janeiro árið 1992 og hefur það hlutverk að aðstoða sveitarfélög heimsins að nálgast markmið um sjálfbæra þróun. Ekki er um að ræða bindandi lagalega kvöð sveitarfélaga til að taka upp sáttmálann, heldur frekar siðferðislega skyldu sveitarstjórna. Staðardagskráin er leiðandi stjórnþæki sem gerir ráð fyrir almanna- og fyrirtækjapátttöku og grundvallast á að hvert samfélag skilgreini sína framtíðarsýn í tengslum við sjálfbærni í samfélaginu. Í því tilliti er hægt að nota hana til að móta langtíma áætlun og þannig ná fram sparnaði og betri nýtingu fjárfestinga innan samfélagsins.

Á Íslandi var málið tekið upp af umhverfisráðuneytinu árið 1998 og tók Samband íslenskra sveitarfélaga við keflinu í kjölfarið (Gíslason, 2010). Árið 2009 lauk samstarfi ráðuneytisins og Sambandsins og frá árinu 2011 hefur Sambandið haft sérfræðing á skrifstofu sinni til að annast málefni Staðardagskrárinnar.

5.2. Starfshópur Umhverfisstofnunar

Haft var samband við Lúðvík E. Gústafsson, verkefnisstjóra hjá Sambandi íslenskra Sveitarfélaga, til að fá upplýsingar um hvaða verkefni væru í gangi hjá SÍS í tengslum við plastpoka. Lúðvík nefndi þá starfshóp undir forystu Hólmsfríðar Þorsteinsdóttur hjá Umhverfisstofnun sem hann sæti sjálfur í. Þessi starfshópur er settur af umhverfisráðuneyti með það að markmiði að meta plastpokanotkun hér á landi og hvað er hægt að gera til að draga úr henni í samræmi við stefnu stjórnvalda Saman gegn sóun.

6. Aðilar á markaðinum

Aðilar á markaðinum sem koma að plastpakanotkun Íslendinga eru aðallega þeir sem flytja inn eða framleiða plastpoka og svo þær verslanir sem selja pokana. Hér verður fjallað um þessa aðila.

6.1. Framleiðsla og sala á plastpokum

Á Íslandi eru ýmsir aðilar sem sjá um framleiðslu eða innflutning á plastpokum. Tafla 5 er sýnishorn af þeim.

Tafla 6

FRAMLEIÐENDUR OG INNFLUTNINGSAÐILAR Á ÍSLENSKUM MARKAÐI SEM SELJA PLASTPOKA OG BURÐAPOKA ÚR PLASTI

Framleiðandi	Vöruúrval
Oddi	Ýmsar plastvörur; heimilispokar, nestispokar og aðrar plastumbúðir
Samhentir	Pokar fyrir kjötvinnslu og sjávarútveg
Sigurplast	Sellópokar
PMT - Plast, miðar og tæki	Úrval af plastpokum og filmum
UBR - Umbúðir og ráðgjöf	Allar gerðir burðapoka
A4	Glærir plastpokar
Rekstrarvörur	Ýmsar tegundir plastpoka
Saltkaup ehf.	Hvítir plastburðapokar
Verslunartækni (Verslun)	Hvítir plastburðapokar
Tanni	Plastpokar fyrir hunda

6.2. Íslenskar verslunarkeðjur

Fjöldi verslana selur plastpoka og burðapoka úr plasti. Verslanir þessar tilheyra nokkrum verslanakeðjum sem teljast þá hagsmunaaðilar. Hér getur að líta þá helstu:

Tafla 7

VERSLUNARKEÐJUR Á ÍSLENSKUM MARKAÐI SEM SELJA PLASTPOKA OG BURÐAPOKA ÚR PLASTI

Keðja	Verslanir innan keðju
Festi	Eigandi Kaupáss sem rekur Krónuna, Intersport, Elko, Nóatún, Bakkann og Kjarval
Hagar	Eigendur 52 verslana, 5 smásölufyrirtækja og 4 vöruhús. Þau eru: Bónus, Hagkaup, Aðföng, Bananar, Ferskar kjötvörur, Hýsing, Útilíf, Zara, Topshop, Dorothy Perkins og Karen Millen
Samkaup	Verslunarfyrirtækið Samkaup hf. á og rekur um 50 smávöruverslanir víðs vegar um landið. Þessar verslanir eru: Nettó, Úrval, Strax, Þín verslun Seljabraut, Kaskó o.f.l

6.3. Pokasjóður

Pokasjóður er sjóður sem ákveðnar verslanir borga í sem hlutfall af seldum pokum. Sjóðurinn úthlutar styrkjum sem tengjast almannaheill svo sem umhverfismálum, listum, menningarmálum, mannúðarmálum og íþróttum (Pokasjóður, 2017).

Eftirfarandi verslanir standa að baki Pokasjóðs:

Tafla 8

VERSLANIR Á BAK VIÐ POKASJÓÐ

Verslanir
ÁTVR (ríki)
Bónus (Hagar), Hagkaup (Hagar)
Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Hólmavík
Kaupfélag V-Húnvetninga, Hvammstanga
Melabúðin
Samkaup

Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra hleypti af stað átaki Pokasjóðs í maí 2017 sem heitir „Tökum upp fjölnota“. Verkefnið miðar að því að draga úr fjölda plastpoka sem notaðir eru árlega á Íslandi, úr 105 í 40 poka á mann á ári fyrir árið 2025. Sjóðurinn hefur gefið út þá tilkynningu að markmið hans sé í kjölfarið að leggja sjálfan sig niður (Viðskiptablaðið, 2017).

7. Sveitarfélög sem hafa sýnt frumkvæði

Almennur úrgangur er kostnaðarsamur liður í úrgangsméðhöndlun sveitarfélaga. Ferlið sem almenni úrgangurinn fer í gegnum er að hann er hirtur af sorphirðu fyrir tækinu og fluttur að urðunarstað, sem er Sorpa í Álfsnesi fyrir Sunnlendinga. Samkvæmt verðskrá Gámaþjónustunnar kemur í ljós að flutningur og urðun á almenna sorpinu er um 20 kr. á hvert kíló, á meðan að kostnaðurinn fyrir plast er endurgjaldslaust. Að flokka úrgang hefur því mikil áhrif á heildarkostnað úrgangsméðhöndlunar hjá sveitarfélögum.

7.1. Stykkishólmur

Í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands, Landvernd og Environice hóf Stykkishólmsbær átak árið 2013 þar sem markmiðið var að verða burðarplastpokalaust sveitarfélag. Átakið fól í sér fræðslu og hvatningu þar sem fundað var með verslunum og þjónustuaðilunum í samfélaginu, íbúar voru fræddir um málefnið með greinum og auglýsingum og hannað var merki fyrir verkefnið og það sett upp í verslunum. Haldin var kveðjuhátíð fyrir burðarplastpokann ásamt myndbandasamkeppni. Árangurinn var sá að allar verslanir og þjónustuaðilar í sveitarfélaginu, fyrir utan einn, hættu að bjóða upp á einnota burðapoka úr plasti. Í staðinn er boðið upp á maíspoka, bréfpoka og margnota poka. Þetta hafði í för með sér að framleiðsla og sala á fjölnota pokum á vinnustofu fatlaðra á svæðin rauk upp (Stykkishólmur, 2014).

7.2. Sveitarfélög í Eyjafirði



Akureyri hefur verið stigið róttækt skref til úrgangsméðhöndlunar, þar sem íbúum hefur boðist að flokka lífrænan úrgang frá heimilum sínum síðan árið 2011. Íbúar fá tvö ílát fyrir hvert heimili, annað fyrir lífrænan úrgang og hitt fyrir almennt heimilissorp. Eins fá íbúar afhenta 150 maís/sterkju poka til að nota undir lífræna úrganginn sinn. Lífræna ílátið er 35 lítra og hefur verið sérsníðað til að passa í hefðbundna 240 lítra tunnu. Á sama tíma hefur grenndarstöðvum verið fjölgað upp í sex og eiga íbúar að setja endurvinnslufni þangað. Þar er hægt að losa sig við fernur og dagblöð. Plast, minni málmhlutir og glerkrukkur má losa sig við á gámasvæðinu. Lífræni úrgangurinn er fluttur í moltugerð til verksmiðjunnar Moltu ehf. sem er við verá, en almennu sorpi er urðað í Stekkjarvík við Blönduós (Akureyri, 2017). Flokkun Eyjafjörður ehf., Byggðastofnun, Akureyrarbær ásamt 16 öðrum fyrirtækjum og sveitarfélögum eiga Moltu ehf. Félagið var stofnað árið 2007 af sveitarfélögum í Eyjafirði og helstu

matvælaframleiðendum svæðisins. Í verksmiðju Moltu er jarðgerðarstöð sem var formlega opnuð í ágúst 2009 og í henni er mögulegt að vinna úr 10-12.000 tonn af lífrænum úrgangi árlega. Lífræni úrgangurinn samanstendur af fiskiúrgangi, sláturúrgangi, lífrænum heimilsúrgangi, timbri og trjákurli, pappír, grasi og taði (Molta, 2017).


8. Pokastöðin

Pokastöðin Hornafjörður var sett af stað á vormánuðum 2016. Eftir óformlegt spjall verkefnisstjóra við íbúa Hornafjarðar kom í ljós að margir nefndu ástæðuna „ég gleymdi pokanum heima“ sem þá helstu fyrir því að nota ekki taupoka. Í kjölfarið kviknaði sú hugmynd að mynda eins konar hringrás taupoka þar sem íbúar gætu gengið í körfu með taupokum í verslunum á svæðinu og fengið að láni poka og síðan skilað þeim í næstu verslunarferð. Tilgangur verkefnisins var að draga úr plastpokanotkun á svæðinu. Upp frá því spratt grasrótahópur sem hittist reglulega og saumar taupoka. Íbúar í Hornafirði hafa verið duglegir að gefa boli og efni í verkefnið.

Í janúar síðastliðinn kom í ljós að keimlíkt verkefni er í gangi í Ástralíu sem ber heitið Boomerang Bags. Það var stofnað af tveimur konum, Tania Potts og Jordyn de Boer, árið 2013 og gengur út á að draga úr plastpokanotkun í samfélagi þeirra. Aðferðin sem þær nota byggir á því að virkja nærsamfélög í að búa til taupoka sem eru eingöngu úr endurunnu efni. Pokunum er síðan komið fyrir í verslunum í samfélaginu þar sem viðskiptavinir geta fengið lánaðan poka og skilað aftur síðar eða endurnotað.

Boomerang Bags er orðið að alþjóðlegri grasrótahreyfingu eftir að verkefnið fékk þó nokkra athygli á samfélagsmiðlum nýlega. Verkefnið rímar mjög við áherslur Pokastöðvarinnar í Höfn og var því haft samband við Boomerang Bags í Ástralíu til að skoða möguleika á samstarfi. Tekið var vel í hugmyndirnar um samstarf og hefur nú Ísland bæst við í hópinn með tilkomu Pokastöðvarinnar. Fylgjast má með verkefninu á heimasíðu Pokastöðvarinnar: <https://pokastodin.wordpress.com/>

9. Samantekt

Plast er einnota afurð sem lifir lengi og er orðin nánast órjúfanlegur þáttur í daglegu lífi okkar. Mannkynið hefur farið offörum í notkun á þessari einnota, mjög slitsterku vöru með þeim afleiðingum að hún hefur safnast saman í náttúru okkar sem með neikvæðum áhrifum á umhverfið. Plastpokar eru gerðir úr olíu og meðallíftími þeirra er um 25 mínútur. Það tekur plastpoka um 100 – 500 ár  tna niður í örsmáar plastagnir sem menga vatn og vistkerfi og berast að auki inn í fæðukeðju mannsins. Hér er því um tilgangslausa sóun á dýrmætum auðlindum að ræða.

Í samfélaginu okkar eru ýmis teikn á lofti sem benda til þess að við erum að færast frá einnota plastpokasamfélagi yfir í fjölnotapoka samfélags. Reglugerðir eru að herðast og sett hefur verið stefna hjá ríkinu sem heitir Saman gegn sóun sem miðar að því að draga úr plastpokanotkun Íslendinga. Pokasjóður, sem er í eigu helstu verslunarkeðja á Íslandi, hleypti nýlega af stað átakinu „Tökum upp fjölnota“ ásamt Björtu Ólafsdóttir umhverfisráðherra og markmið þess er að draga úr fjölda plastpoka sem notaðir eru árlega á Íslandi.

Verkefnið „Pokastöðin Höfn, plastpokalaus Hornafjörður“ var sett af stað á vormánuðum 2016. Tilgangur þess var að draga úr plastpokanotkun á svæðinu. Upp frá því spratt grasrótarhópur sem hittist reglulega og saumar taupoka. Verið er að móta áhersluverkefni í tengslum við Plastpokalaust Suðurland sem byggir á þessu verkefni og næstu skref eru að hanna umgjörð, körfur og útlit, fyrir verkefnið þannig að auðvelt sé fyrir áhugasama Sunnlendinga að koma slíku verkefni á koppinn í öðrum byggðarlögum.

Verkefnið Boomerang Bags hefur átt góðu gengi að fagna í Ástralíu. Um ræðir alþjóðlega grasrótahreyfingu stuðlar að sjálfbærni í samfélögum. Verkefnið rímar mjög við áherslur Pokastöðvarinnar í Höfn og var því haft samband við Boomerang Bags í Ástralíu til að skoða möguleikana á samstarfi. Tekið var vel í hugmyndirnar um samstarf og hefur nú Ísland bæst við í hópinn með tilkomu Pokastöðvarinnar í Höfn og alla þá grasrótahópa sem spretta út frá henni út um allt land. Nú þegar eru komnir 16 tengiliðir um allt land sem vinna að því að setja upp Pokastöðvar í sínu samfélagi.

Gríðarlegur kostnaður fylgir óflokkuðum úrgangi frá sveitarfélögum, en plast er hins vegar dýrmæt auðlind sem sveitarfélög geta losað sig við endurgjaldslaut. Sveitarfélög hafa því beina hagræna hvata til að fá íbúa sína til að flokka sem mest þar sem minna gjald er greitt á hvert kíló af pappír og plasti heldur en almennum úrgangi sem fer í urðun.

10. Heimildaskrá

Akureyri. (22. Maí 2017). *Úrgangsmál og endurvinnsla á Akureyri*. Sótt frá https://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/baeklingur-a5-akureyri_flokkun.pdf

Alþingi. (2013). *Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum (innleiðing tilskipunar 2008/98/EB, rafhlöður og rafgeymar, raf- og rafeindatæki drykkjarvöruumbúðir)*. Reykjavík: Alþingi. Sótt frá <http://www.althingi.is/altext/141/s/1247.html>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2016). *Burðapokar úr plasti - Tillögur að aðgerðum um hvernig draga megi úr notkun plastpoka*. Reykjavík: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Sótt frá https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Plastpokar-skyrsluskil-27.-juni-2016.pdf

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2013). *Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024*. Reykjavík: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Sótt frá [https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/urgangur/Landsaaetlun-2013-2024-\(utgafa\).pdf](https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/urgangur/Landsaaetlun-2013-2024-(utgafa).pdf)

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2016). *Saman gegn sóun- Almenn stefna um úrgangsfornir 2016-2027*. Reykjavík: Umhverfis-og_auðlindaráðuneytið.

Bretlands, U. (2006). *Life cycle assessment of supermarket carrier bags: a review of the bags available in 2006*. Bristol: Environment Agency, Horizon House, Deanery Road,. Sótt frá https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/291023/scho0711buan-e-e.pdf

Fangel, M. (2007). *Proactive Project Management. How to make common sense common practice*. Denmark:: Fangel Projectledelse as.

Gíslason, S. (2010). *Staðardagskrá 21 á Íslandi - Lokaskýrsla um samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfisráðuneytisins 1998-2009*. Borgarnes: Stefán Gíslason. Sótt frá http://www.samband.is/media/sjalfbaer-throun---stadardagskra-21/Lokaskyrsla_SD21_Island_agust2010.pdf

Hagstofan. (27. Mars 2017). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitafélögum 1998-2017 - Sveitarfélagaskipan hvers árs*. Sótt frá http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelog/MAN02001.px/

MacArthur, E. (2014). *The new plastics economy - Rethinking the future of plastics*. World Economic Forum, Ellen MacArthur Foundation and McKinsey & Company,. Sótt frá <http://www.ellenmacarthurfoundation.org/publications>

Molta. (22. 04 2017). *Molta Jarðgerð*. Sótt frá Notkun moltu: <http://www.molta.is/is/notkun-moltu>

Náttúran. (3. Júní 2017). *Náttúran*. Sótt frá Plast er ekki bara plast : <http://www.natturan.is/d/2015/01/14/plast-er-ekki-bara-plast/>

Pokasjóður. (29. 3 2017). *Pokasjóður*. Sótt frá <http://www.pokasjodur.is/>

Stykkishólmur. (2014). *Umhverfishópur Stykkishólms*. Sótt frá Burðaplastpokalaus Stykkishólmur: <https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Sveitarfelog/Natturu-verndarnefndir/2014/Bur%C3%B0arplastpokalaus%20Stykkish%C3%B3lmur.pdf>

Tullo, A. H. (15. September 2014). Breaking The Plastic Bag Habit. *c&en - Chemical & Engineering news*, 92(37), 12-17. Sótt frá <http://cen.acs.org/articles/92/i37/Breaking-Plastic-Bag-Habit.html>

Umhverfisstofnun. (01. Júní 2017). *Grænn lífstíll*. Sótt frá Lærðu að þekkja merkin!: <http://www.ust.is/einstaklingar/graenn-lifsstill/laerdu-ad-thekkja-merkin/plast-merkingar/>

UNRIC. (20. Maí 2015). *Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu Þjóðanna fyrir Vestur-Evrópu*. Sótt frá Fréttir: <http://unric.org/is/frettir/26485-plastpoki-25-minutur-i-notkun-en-500-ar-i-umhverfinu>

Viðskiptablaðið. (Maí 2017). *Markmiðið að leggja sjóðinn niður*. Pokasjóður vill færa notkun Íslendinga úr 105 plastpokum árlega niður í 40 árlega en allt að 1,5 milljarður poka hafa verið seldir hér á landi frá upphafi. Sótt frá <http://www.vb.is/frettir/markmidid-ad-leggja-sjodinn-nidur/138104/>

